

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Íslandspóstshf.

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun forstjóra Íslandspóstshf. heyrir undir kjararáð.

II.

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 var forstjóra Íslandspóstshf. tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var forstjóra Íslandspóstshf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettum sama dag var fjármálaráðuneytinu og stjórn Íslandspóstshf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör forstjóra Íslandspóstshf.

Í bréfi forstjóra dagsettu 15. ágúst 2012 er vísað til ákvörðunar kjararáðs frá 21. desember 2011. Segir í bréfinu að telja verði eðlilegt að endurskoðun launa forstjórans leiði með sama hætti til þess að launin verði sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem leiddi af lögum nr. 87/2009. Segir jafnframt að ekki verði talið að samræmis verði gætt eða að málefnalegt geti talist að laun forstjóra Íslandspóstshf. taki ekki sambærilegum breytingum og laun annarra þeirra sem undir ráðið heyra, þ.e. að þau verði aftur sambærileg við það sem þau voru fyrir umrædda lagabreytingu. Er í þessu samhengi vísað til 8. gr. laga um kjararáð þar sem segir að kjararáð skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Verði því að telja eðlilegt að líta ekki eingöngu til launakjara þeirra sem undir kjararáð heyra heldur verði einnig litið til launakjara forstjóra í sambærilegum rekstri. Beri því afdráttarlaust að taka tillit til þessa samanburðar við endurskoðun einingafjöldans.

Í bréfi forstjórans segir einnig að ekki verði fallist á að unnt sé með lögmætum hætti að breyta einingafjölda einhliða án tillits til þess að nokkur breyting hafi orðið á þeim viðmiðunum sem um ræðir, þ.e. á yfirvinnu og álagi. Engar slíkar breytingar hafi átt sér stað hjá forstjóra Íslandspóstshf. og verði ekki séð að kjararáð ætli sér að rannsaka sérstaklega umrædda þætti við fyrirhugaða endurskoðun einingafjöldans. Verði ekki talið, meðal annars

með tilliti til lögætisreglu stjórnásluréttar, að opinber aðili svo sem kjararáð geti ákveðið að breyta fjölda eininga í þeim tilgangi sem tiltekinn sé í bréfi ráðsins. Segir jafnframt að á grundvelli jafnræðisreglu stjórnásluréttar eigi forstjórinn rétt á að greiðslur fyrir einingar verði þær sömu og til annarra sem undir ráðið heyra.

Í bréfi stjórnar Íslandspóstá ohf. dagsettu 10. ágúst 2012 var vísað til sömu þátta og fram koma í áðurnefndu bréfi forstjóra Íslandspóstá ohf. Segir í bréfinu að ekki verði séð annað en að fækkun eininga hefði í för með sér hlutfallslega launalækkun í samanburði við þá viðmiðunarhópa sem kjararáð byggði úrskurð sinn á um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust við þann hóp sem undir kjararáð heyrir.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk forstjóri Íslandspóstá ohf. send bréf fjármálaráðuneytisins og stjórnar Íslandspóstá ohf. til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi forstjórans dagsettu 7. október 2012 er tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stjórnar Íslandspóstá ohf. Jafnframt eru fyrri sjónarmið ítrekuð.

III.

Íslenska ríkið hefur falið Íslandspósta ohf. að annast einkarétt þess á pósthjónustu, en það fer með einkarétt á dreifingu bréfa allt að 50 g. Þessum einkarétti fylgir sú skylda að annast svokallaða alþjónustu sem felst í því að tryggja öllum landsmönnum jafnan aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustunnar.

Í samþykktum fyrir Íslandspóst ohf. segir að tilgangur félagsins sé að veita hvers konar pósthjónustu og hafa á hendi fjármálalega umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem þar um gilda, að reka verslun með varning og búnað sem tengist starfsemi félagsins, að hafa á hendi flutningastarfsemi, fasteignarekstur og lánastarfsemi og að reka aðra skylda starfsemi sem nauðsynleg er til þess að tilgangi félagsins verði náð. Félaginu er heimilt að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum, svo og að reka aðra skylda starfsemi sem nauðsynleg er til þess að tilgangi félagsins verði náð. Félaginu er heimilt að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum svo og að stofna félag eða félög sem alfarið verði í eigu þess til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ákveðið skiptingu þess. Hlutverk félagsins er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna svo og á öðrum sviðum sem tengjast þeirri starfsemi.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal forstjóra Íslandspóstshf. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljóttast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað forstjóra Íslandspóstshf. laun sama dag. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun forstjórans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjöldna allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyrir, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögnum.

Íslandspóstur ohf. annast einkarétt ríkisins á pósthjónustu og skal tryggja öllum landsmönnum jafnan aðgang að ákveðnum þáttum hennar. Að teknu tilliti til umfangs starfseminnar og ábyrgðar hefur kjararáð ákveðið að hækka heildarlaun forstjóra Íslandspóstshf. Einingaverð hækkar og verður hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyrir.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Íslandspóstshf.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og starfskjör framkvæmdastjóra forstjóra Íslandspóstshf. skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra Íslandspóstshf. vera samkvæmt launaflokki 502-136, nú 790.521 króna. Að auki skal greiða honum 50 einingu á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingum.

Hafi forstjóri Íslandspóstis ohf. haldið bifreiðahlunnindum sínum og kjósi að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili forstjórans greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna, þar með talið vegna árangurstengingar launa, nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson